



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

587. stjórnarfundur 18. ágúst 2022 kl. 18:00

Mættir: Einar Haraldsson, Kári Gunnlaugsson, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Björg Hafsteinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir og Sveinbjörg S. Sigurðardóttir.
Fjarverandi: Birgir Már Bragason.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Körfuknattleiksdeild sendi rekstrarreikning, áætlun fyrir árið 2022.

Beiðni um yfirdrátt frá körfuknattleiksdeild frá 12. Júlí var samþykkt.

Boðsbref til formanns aðalstjórnar á setningu unglingslandsmóts.

Erindi frá markaðs- og vefdeild Reykjanesbæjar.

Erindi frá Helga Páli Þórisssyni, íshökkísambandi Íslands.

Nokkrir tölvupóstar frá ÍSÍ.

Nokkur fréttabréf frá UMFÍ.

Boð um fund hjá ÍSÍ vegna styrks frá ríkisvaldinu.

Upplýsingagjöf um samning milli HS-Veitna og fimleikadeildar.

Auglýsing með kynningu á vegum Rannsóknar og greiningar á ánægjuvög ÍSÍ og UMFÍ.

Tilkynning vegna Nora kerfisins. Kerfið er að loka.

Tölvupóstur frá Guðlaugi Helga Sigurjónssyni vegna húsbíla á ljósanótt. Fyrirspurn um hvort einhver deild vilji taka verkefnið að sér sem fjáröflun. Körfuknattleiksdeild ætlar að taka þetta að sér.

Tilkynning um sameiningu Rapyd og Valitor.

Tölvupóstar með umræðu um sláttuvél, erindi knattspyrudeildar.

Tölvupóstur frá Eysteini Haukssyni. Framkvæmdastjóra falið að senda Eysteini tölvupóst og ítreka leiðir sem eru færar varðandi hans mál.

Afrit af tölvupósti frá formanni knattspyrnudeildar vegna aðalskipulags Reykjanesbæjar, gervigras á malarsvæðið.

Tölvupóstur frá formanni knattspyrnudeildar með fyrirspurn um stöðu á ráðningu á fjármálastjóra. Ákveðið að halda fund með þeim ásamt öðrum deildum með þetta.

Erindi frá Rafíþróttadeild vegna húsnæðis. Umræða um Hringbraut 108. Framkvæmdastjóra falið að semja bréf með formanni deildarinnar til ráðamanna bæjarins.

Erindi frá körfuknattleiksdeild um hærri yfirdrátt vegna ferðar meistaraflokka.

Framkvæmdastjóra falið að ræða við framkvæmdastjóra körfuknattleiksdeildar.

Fundargerðir frá fimleikadeild og barna- og unglingaráði knattspyrnudeildar.

3. Send bréf

Ýmsir tölvupóstar sendir á stjórnir og ráð.

Íþróttafulltrúi Keflavíkur staðfesti bréf knattspyrnudeildar við Kjartan Má Kjartansson vegna sláttuvélar.

4. Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Selfossi dagana 29. - 31. júlí. Tuttugu og sex þátttakendur voru frá okkur sem er frekar lítið. Það gleymdist að senda fána Keflavíkur fyrir setninguna. Framkvæmdastjóri þarf að sjá til þess að hann fari alltaf með einhverjum sem eru að taka þátt. Næsta Unglingalandsmót verður á Sauðárkróki.

5. Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ verður 15. október á Höfn í Hornafirði. Formaður aðalstjórnar ætlar að fara og athugar með þátttöku íþróttastjóra.

6. Staða fimleikadeildar

Formaður og fulltrúar úr stjórn fimleikadeildar komu á fundinn. Fóru þær yfir stöðu deildarinnar og er staðan sú að það verður erfitt að reka deildina þennan vetur. Fimleikadeildin hefur misst töluverðan hluta æfingasvæðis. Myllubakkaskóli hefur verið að nota þeirra æfingaaðstöðu og lítur út fyrir að það verði áfram þennan vetur og jafnvel lengur. Fimleikadeildin verður af tekjum við þetta. Fimleikadeildin var hvött til að ræða við ráðamenn bæjarins hvort þeir geti ekki komið til móts við deildina fjárhagslega vegna þessa.

7. Önnur mál

A. Einar sótti fund sem ÍSÍ hélt 5. júlí þar sem Ásmundur Einar Daðason mennta- og barnamálaráðherra útskýrði mótvægisstyrki til íþróttá- og æskulýðshreyfingarinnar vegna heimsfaraldurs.

Fundi slitið kl. 20:30

Næsti fundur verður þriðjudaginn 6. september 2022

Fundinn ritaði Eva Björk